

# Aðalstjórnarfundur UMFT

8. júní 2009.

Mættir: Gunnar Þór, Magnús, Elínborg, Jón Daníel og Kristjana.

## Dagskrá:

Afreksbraut í íþróttum ? bréf frá Karli Jónssyni  
Umsókn um styrk frá 3ja flokki kvenna í knattspyrnu  
Erindi um sjósunddeild  
Tækifæri hjá Vinnumálastofnun - atvinnuleysistr.sjóður  
Önnur mál

1. Lagt fram erindi frá Karli Jónssyni varðandi samstarf UMFT við Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra um stofnun námsbrautar fyrir afreksíþróttafólk.

UMFT gerði árið 2006 samstarfssamning við FNV um slíka námsbraut sem ekki hefur komist á laggirnar. Í framhaldi af bréfi Karls ákvað stjórn UMFT að fela Gunnari Þór formanni að kanna hjá skólameistara FNV hvað líði framkvæmd samstarfssamningsins við UMFT.

2. Lögð fram styrkbeiðni frá 3ja flokki kv. í knattspyrnu, til búningakaupa, vegna keppnisferðar hópsins til Svíþjóðar sumarið 2009. Stjórnin samþykkir styrkveitingu að upphæð kr. 200.000.
3. Erindi frá Benedikt Lafleur um að stofnuð verði sjósunddeild innan Umf. Tindastóls. Stjórn félagsins hafnar þessu erindi að sinni.
4. Þar sem Vinnumálastofnun hefur ekki tekist að fá starfsmenn í átaksverkefni sem samþykkt voru skv. umsókn UMFT þá ákveður stjórnin að auglýsa í Sjónhorninu til að vekja athygli á verkefninu og að starfsfólk vanti til vinna að því.
5. Aðalstjórn UMFT barst boð frá Sveitarfélaginu Skagafirði um að taka að sér skipulagningu á dagskrá þjóðhátíðardagsins á Sauðárkróki. Stjórnin ákvað að taka verkefnið ekki að sér að þessu sinni en mun benda fulltrúa Sveitarfélagsins á að bjóða einstaka deildum félagsins að koma að verkefninu.

Fleira ekki gert

Kristjana Jónsdóttir, ritari.